



Hagstofa Íslands
Borgartúni 21A
105 REYKJAVÍK

Átak til að auka kosningaþátttöku ungs fólks í borgarstjórnarkosningum 2018

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að grípa til aðgerða til að auka kosningaþátttöku tiltekinna hópa sem hafa í undanförunum kosningum átt undir högg að sækja með tilliti til kjörsóknar. Reykjavíkurborg og rannsakendur við Háskóla Íslands munu samhliða átakinu framkvæma rannsókn til að meta hversu áhrifaríkar mismunandi leiðir eru við að hvetja til þátttöku. Í samstarfinu verður sérstök áhersla lögð á kosningaþátttöku þeirra sem nú hafa kosningarétt í fyrsta sinn, þar sem þátttaka þessa aldurshóps hefur farið minnkandi og kjörsókn í aldurshópnum 18-19 ára var í síðustu kosningum ekki nema 45% og enn lægri í aldurshópnum 20-24 ára, eða 42%.

Reykjavíkurborg telur lága kjörsókn ungmenna í sveitastjórnarkosningum mikið áhyggjuefni og mikilvægt að leita allra leiða til að sporna við þeirri þróun. Í undirbúningi eru nokkrar mismunandi gerðir kynningarefnis sem sendar verða til ungmenna. Með því að nýta nokkrar mismunandi gerðir er markmiðið að leggja mat á hvaða kynningarefni nær best til ungmenna. Áherslur kynningarefnisins byggja á niðurstöðum alþjóðlegra rannsókna í félagssálfræði og á niðurstöðum rannsókna sem rannsakendur hafa gert á kosningaþátttöku ungmenna í tengslum við tvær síðustu alþingiskosningar. Rannsóknin er gerð samhliða átakinu #ÉgKýs og í samvinnu við skipuleggjendur þess átaks.

Erindi: Óskað er eftir að við úrvinnslu á kjörskrá í kjölfar borgarstjórnarkosninga 2018 verði sérstaklega tekin saman kjörsókn þeirra kjósenda sem nú hafa kosningarétt í fyrsta skipti, og að þær tölur verði brotnar niður eftir einstökum kjördeildum, fyrir hvort kyn fyrir sig. Tölur um kjörsókn þessa hóps eftir einstökum kjördeildum verða nýttar til að meta áhrif þeirra aðgerða sem Reykjavíkurborg hefur ákveðið að grípa til. Slík greining er mikilvæg til að meta nauðsynlegt umfang kynningarmála í framtíðinni, og til að skilja betur ástæður þess að þessi hópur kjósenda tekur síður þátt í þeirri lýðræðishefð sem kosningar eru.

Virðingarfyllt

Anna Kristinsdóttir, Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar
Hulda Þórisdóttir, Lektor við Háskóla Íslands
Magnús Þór Torfason, Lektor við Háskóla Íslands